

Markmið skv. rammasamningi við iðnaðarráðuneyti

Markmið samningsins er að efla nýsköpun og samkeppnishæfni atvinnulífsins á Vesturlandi og auka hagvöxt með virku samstarfi fyrirtækja, háskóla, sveitarfélaga og ríkisins.

Leiðir að þessu markmiði skulu m.a. vera.:

1. Efla samstarf fyrirtækja, háskóla og opinberra stofnana um þróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins.
2. Þróa áfram og efla klasasamstarf vaxtargreina svæðisins og efla svæðisbundna sérþekkingu á vel skilgreindum styrkleikasviðum.
3. Fjölga samkeppnishæfum fyrirtækjum og störfum og efla framboð á vörum og þjónustu.
4. Stuðla að útflutningi vöru og þjónustu og gjaldeyrisskapandi starfsemi.
5. Nýta möguleika sem skapast með aðild að alþjóðlegum verkefnum.
6. Laða að alþjóðlega fjárfestingu og þekkingu.

Áherslur og sértæk markmið á Vesturlandi

Áhersla lögð á uppbyggingu klasa og framgang rannsókna og þróunar á eftirfarandi sviðum:

1. Nýsköpun og tækniþróun sem drifin er áfram af náttúrulegum aðstæðum, öflugum þekkingarsetrum og háskólastarfi á Vesturlandi. Starfsemi þekkingarsetra verði eflað og sérstaklega hugað að tengslum þeirra við atvinnulífið á Vesturlandi.
2. Efling og leit að möguleikum sem tengjast starfsemi og þjónustu við stóriðjuna á Grundartanga og leggja skal sérstaka áherslu á þekkingarstarfsemi og dreifingu slíkrar starfsemi.
3. Sjálfbær ferðaþjónusta tengd sagnaarfi Vesturlands. Áhersla lögð á samtvinnun náttúruverndar, ferðaþjónustu og menningarstarfs.
4. Matvæli og svæðisbundnar auðlindir Vesturlands. M.a. verði stutt við nýjar eldisgreinar á sjó og landi, vöruþróun og markaðssetningu afurða.

Áherslur og markmið geta tekið breytingum vegna stefnumótunar og samþættingu áætlana á grundvelli Sóknaráætlunar 2020.